

Nd.

393. Nefndarálit

[154. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vildi samþykkja frumv. óbreytt, en ég vildi gera nokkrar breytingar á því.

Þrjú meginatriði felast í frumvarpinu: Í fyrsta lagi er lagt til, að greiddar verði sérstakar verðuppbætur á línu- og handfærafisk árið 1965. Í öðru lagi er lagt til, að frystihúsum verði greiddar 33 milljónir króna sem styrkur til framleiðni- aukningar. Og í þriðja lagi er lagt til að heimila stjórn Aflatryggingasjóðs að greiða bætur til togara úr sjóðnum miðað við úthaldstíma, en víkja þar með frá settum reglum sjóðsins um bótageiðslur.

Sú skýring er gefin á ákvæðum frumv. um verðuppbætur á fisk, að ríkisstjórnin hafi við ákvörðun á fiskverði, sem gerð var í janúarmánuði s. l., gefið loforð um þessar greiðslur.

Þegar samið var um fiskverð í janúarmánuði á þessu ári, var aðalráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, Jónas H. Haralz, formaður yfirnefndar verðlagsráðs og réð úrslitum um ákvarðanir verðlagsráðsins.

Það vekur að sjálfsögðu athygli, að þessi ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum skuli nú leggja til, að greiddar verði verðuppbætur á fisk og auk þess teknar upp sérbætur á fisk, sem veiddur er á línu eða handfæri. Þegar viðreisnarstefnan svonefnda hóf göngu sína í ársbyrjun 1960, eða fyrir 5 árum, hélt þessi aðalráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum því fram, að leggja ætti niður allar uppbótargreiðslur á fisk, og sérstaklega fordæmdi hann þá allar sérbætur, þar sem mismunað væri á milli fisktegunda og verkunaraðferða.

Eftir 5 ára viðreisnartilraunir leggur efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar sjálfur til að taka á ný upp sérbætur á fisk og mismuna í styrkgreiðslum á milli verkunaraðferða. Sýnir þetta dæmi ljóslega, að ríkisstjórnin og efnahagsráðunautur hennar hafa gersamlega gefizt upp á kenningum sínum í þessum efnu frá árinu 1960.

Ég flyt á sérstöku þingskjali fjórar breytingartillögur við frv.

Fyrsta tillagan stefnir að þeirri breytingu, að þær 33 milljónir króna, sem ráðgert er samkv. 2. gr. frumv. að verja til framleiðni- aukningar á frystum fiskafurðum, gangi jöfnum höndum til framleiðni- aukningar í öllum greinum fiskiðnaðarins. Ég tel engu minni þörf á því að koma á aukinni hagkvæmni í framleiðslu á saltfiski og skreið heldur en í framleiðslu á frystum fiski. Ég tel einnig, að óeðlilegt sé að mismuna á milli verkunaraðferða á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frumv.

Önnur tillaga mín gerir ráð fyrir, að bætur samkv. frumv. verði fyrst og fremst látnar renna til þeirra fiskframleiðenda, sem erfiðasta eiga aðstöðu. Eins og framkvæmdin hefur verið að undanfögnu í skiptingu þeirra uppbóta, sem ríkissjóður hefur lagt fram, hefur mikill meiri hluti bótanna gengið til þeirra framleiðenda, sem bezta afkomu hafa. Þetta tel ég rangt.

Þriðja till. mín gerir ráð fyrir, að styrkur greiddur togurum verði ákveðinn hærri, þegar veitt er fyrir innlendan markað, en þegar aflinn er seldur ísvarinn erlendis.

Fjórdða till. mín er um það, að ríkisstjórnin skuli skipa 5 manna nefnd, sem geri tillögur til Alþingis um ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll.

Alþingi, 31. marz 1965.

Lúðvík Jósefsson.